



Öruggt sumar á svölum

Sumarið er sá árstími þegar svalir eru mest notaðar til útiveru og yndisauka. Ávallt skal gæta fyllsta öryggis þegar kemur að svalahandriðum.

„Samkvæmt reglugerð bygginga-
fulltrúa verða handrið á svölum
fyrstu hæðar að vera meters há frá
gólfi upp á handlista, en frá annarri
hæð og upp úr þarf hæð frá gólfi og
ofan á handlista að vera 120 sentí-
metrar. Í báðum tilvikum verður
handrið að vera óklifurhæft upp í
80 sentimetra og hvergi mega vera
láréttar slár sem hægt er að nota
sem fótstig,“ segir Benedikt Svein-
son, löggiltur stálvirkjameistari
hjá stálsmiðjunni Stál í Stál ehf,
aðspurður um nýjustu úttektar-
staðla bygginga-
fulltrúa þegar
kemur að öryggi svalahandriða.

„Í eldri húsum er víða pottur
brotinn og stórhættulegt fyrir börn
að leika eftirlitslaust á svölum.
Áður var löglegt að hafa þrettán
sentimetra ljósop á milli pílara, en
í dag er hámarksbreidd ljósops tíu
sentimetrar og verða öll handrið að
vera með standandi, fasta pílara
svo það sé óklifurhæft og barn-
vænt. Það á við bæði innandyra í
stigahúsum og utanhúss á svölum,“
upplýsir Benedikt sem hefur í nógu
að snúast að smíða handrið í fjöl-
breyttum útfærslum á nýbyggingar
og eldri hús þar sem eigendur
vilja bæta öryggi svala sinna.

„Ætli menn að breyta og bæta
verður alltaf að skoða heildina og
láta taka verkið út af löggiltum



Hér gefur að líta handrið sem Benedikt
vinnur að á Suðurlandsbraut. Það er úr
stáli, gleri og harðvíð. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Vinsælt er að hafa hluta svala opnar
með stálpílurum, en annan hluta lokað-
an fyrir veðri og vindum. MYND/STÁL Í STÁL

meistara út frá núverandi reglu-
gerð. Oft borgar sig að skipta alveg
út handriðum, en stundum er hægt
að setja ofan á lista eða gler. Gler
með ósýnilegum festingum, þar
sem fræst er úr gólfi að neðan-
verðu og utan um glerið er það
heitasta hjá arkitektum nú, en í
raun er líka mjög mikið um alls-
konar harðvíð í handlistum með
gleri, skrauthandrið, tréverk, stál,
og í raun hvað eina sem fólki hug-
kvæmist að nota í handrið svala
sinna,“ segir Benedikt sem brýnir
fyrir húsbýggjendum og húseig-
endum sem ætla að endurbæta
svalir sínar að fá réttindamann í
verkið.

„Aðalmálið er að fá bygginga-
fulltrúa til að taka út verkið og fag-
mann með löggilta meistaragráðu
til að ganga frá málinu. Það er upp-
skrift að því að hlutirnir verði í
lagi, og þú og þínir verði öruggir.“

thordis@frettabladid.is



Benedikt Sveinsson, löggiltur stálvirkja-
meistari, við nýbyggingar á Suðurlands-
braut. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Burstafell í Vopnafirði. Búið var í bænum til ársins 1966.

Torf og mold í vegg

Íslendingar bjuggu í torfbæjum
frá landnámi og langt fram á
tuttugustu öld.

Ekki var um auðugan garð að
gresja í byggingarefnum þar sem
viður var af skornum skammti á
landinu en nóg var af grjóti og
mold. Íslenskir húsveggir voru
því hlaðnir úr torfi og grjóti.

Ákveðin tækni er notuð við torf-
hleðsluna eftir því hvaða lögun er
á hnausunum. Klömbrúhaus er
fleyglaga og hlaðið hallandi á víxl.
Kvíahnaus er ferhyrnd flöt torfa,
snidda er tígullaga torfa í annan

endann en þynnist út í hinn og svo
kallast löng torfa strengur.

Víða um land má sjá gamlar
torfhleðslur uppistandandi og
gamla torfbæi sem vel hefur verið
haldið við. Tvenn námskeið í torf-
hleðslu og torfristu fara fram nú í
vor á Tyrningsstöðum á Kjálka í
Skagafirði á vegum Fornverka-
skólans. Þar verða kennd handtök-
in við þessa fornu byggingarað-
ferð og er skráning hafin á
Byggðasafni Skagfirðinga og í
Háskólanum á Hólum.

Sjá: www.fornverk.is og www.saga.khi.is/torf

- rat

Valsað ál

fyrir þök og veggi
Fegurð, mýkt, ending
Fæst í 16 litum

Ál er okkar mál

ÁLÞAK

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.althak.is